

MERKURTÚN – þar sem ævintýri gerast...

Aðkoma

Aðalinnangangur að Merkurtúni er frá Skólabraut. Þar er ævintýralegt hlið inn í garðinn umlukið gróðri. Við hliðið situr ugla sem bendir þér á að koma nær. Við hlið uglunnar er skilti sem á stendur:

„Velkomin í ævityraheiminn okkar á Merkurtúni. Hér í garðinum búa ýmsar kynjaverur þar á meðal Dolla dreki. Hún er reyndar ekki hérna núna, kannski skrapp hún uppá Akrafjall að heilsa uppá Jóku. Dolla hefur mikið dálæti á börnum. Þá á ég við að leika við þau, ekki borða þau. Drekar leggja einkum sér til munns litskrúðugar gúmmíkúlur. Kúlurnar er að finna í hrúgu í garðinum en ég mæli ekki með að þið smakkið þær því þær eru algjörlega óætar. Ég þarf líka að vara ykkur við drekamykjunni, því drekar þurfa líka að kúka eins og öll dýr. Mykjan er einskonar litaklessa sem harðnar með tímanum en þá er óhætt að stíga á hana þó hún lykti ekkert sérlega vel.

Dolla hefur hreiðrað vel um sig í garðinum og fyrir nokkru verpti hún stóru gulleggi. Úr egginu skreið einn sá krúttlegasti dreki sem ég hef augum litið, ljósblár með hvítt hjarta á trýninu. Unginn hefur fengið nafnið Dúlli. Hann er góður leikfélagi og tekur þér örugglega fagnandi! Skottastu nú inn í garð og leyfðu honum að sveifla þér með rófunni.“

Á stéttinni framan við eru drekaspor sem ná lengra inn í garðinn.

Við innganginn eru einnig hjólastæði, sorptunnur og vatnshani.

Þegar þú gekkst inn í garðinn tókst þú líklega eftir lítilli byggingu í norður horninu en þar eru snyrtingar sem eru aðgengilegar frá miðsvæðinu.

Drekinn

Þegar gengið er í gegnum hliðið tekur á móti þér vinalegur stór dreki. Hann er úr timbri og heldur á stórri körfurólu með munninum. Hægt er að klifra á drekanum og vængirnir hans eru úr grófu neti. Ef farið er inn í hann má klifra upp og renna sér út úr halanum á honum.

Hoppland

Við ærslabelginn eru nú komin nokkur lítil trampólín og kúlur sem hægt er að stökkva á milli. Þar eru einnig bekkir þar sem hægt er að hvíla sig og leggja frá sér föt þegar fer að hitna við hamaganginn. Kaðlaróla sem er ekki síður vinsæl meðal eldri barna til að hanga og spjalla er einnig þar að finna.

Hreiðrið

Á miðju svæðinu er hreiður sem afmarkað er með staurum. Þeim hefur verið raðað upp með ýmsu móti og mynda n.k. þrautabraut. Í hreiðrinu er brotið gullegg. Í öðrum helmingnum er grill og í hinum bekkir undir þaki. Einnig eru bekkir í hreiðrinu sem raðað hefur verið upp eins og langborðum. Þeir nýtast vel í nestisferðum og veislum.

Stór sandkassi er í hluta hreiðursins með ýmsum leiktækjum. Drullumallsvæði og vatnaleikur er utan við hreiðrið en vatn getur flætt yfir í sandinn eftir lækjarfarvegi.

Einnig er ætigarður með rabbarbara og rifsberjum við hlið hreiðursins og þar er einnig róla, bæði ætluð ungbörnum og fyrir fatlaða.

Fjöllin

Á norðausturhluta svæðisins er hár og brattur hóll. Við hlið hans er lítill hóll með ungbarnarennibraut. Í stóra hólnum er holtagrjót sem skemmtilegt er að klifra í. Frá toppi hólsins er hægt að renna sér með vinunum í breiðri rennibraut. Hóllinn er einnig skemmtileg sleðabrekka á veturna og þegar sleðinn fer of geyst endar ferðin á litskrúðugum batta, eða drekamykju, sem dregur úr ferðinni. Af battanum er langur fjallshryggur sem má klifra í og upp í litla „hella“ eða „göng“ í fjallinu. Hengibrú liggur yfir gjá í fjallshryggnum sem endar í hólnum.

Sparkvöllur

Sparkvöllur (33x18m) með gervigrasi og böttum er í suðvestur hluta garðsins. Mögulegt er að breyta vellinum í skautasvell á veturna s.s. með því að leggja yfir hann sérstakan dúk sem lagður er vatni og það látið frjósa.

Stígar og gróður

Breiður aðalstígur liggur þvert í gegnum garðinn. Hann liggur út í Sóleyjargötu þar sem er n.k. bakinnangangur. Við enda stígsins, við sparkvöllinn, er söguskilti þar sem sögu Merkurtúns er gerð skil.

Garðurinn er rammaður inn með fjölbreyttum gróðri sem gefur m.a. skjól, liti, ber og fuglalíf.

Merkurtúni er ætlað að vera ævintýraupplifun fyrir alla aldurshópa og að það verði staður til að njóta, hlæja, uppgötva og þroskast.

